



29. apríl 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 918. mál á 154. löggjafarþingi

Tekjuskattur (barnabætur, sérstakur vaxtastuðningur)

Með ofangreindu frumvarpi er lögð til aukning barnabóta og að á árinu 2024 verði greiddur sérstakur vaxtastuðningur til heimila með íbúðalán. Hagsmunasamtök heimilanna gera ekki athugasemdir við þær tillögur sem snúa að barnabótum en láta hér í ljós afstöðu sína til vaxtastuðnings.

Barátta samtakanna hefur alltaf snúist um viðunandi lánskjör og réttindi neytenda á fjármálamarkaði en ekki útgjöld úr ríkissjóði til að niðurgreiða of háa vexti sem koma hvort sem er beint eða óbeint úr vösum heimilanna sjálfra. Færa má rök fyrir því að niðurgreiðslur vaxta hafi í raun aðeins þau áhrif að gera lánveitendum kleift að innheimta hærri vexti en ella, sem þeir hagnist af á kostnað almennings. Að því sögðu leggjast samtökin þó ekki gegn því að þeim sem þurfa á því að halda sé ívilnað í gegnum skattkerfið, sem gæti reyndar verið einfaldara með skattaafslætti í stað endurgreiðslu.

Með frumvarpinu er í raun lögð til eingreiðsla að hámarki 150.000-250.000 kr. eftir því hvort um er að ræða einstæðing, barnafólk eða hjón og sambýlisfólk, sem greiðist beint inn á höfuðstól lána, nema lántaki óski þess sérstaklega að nýta hana til að lækka afborganir þeirra út árið 2024. Til að setja það í samhengi við 10% ársvexti sem er nálægt því sem nú á við um flest lánaform myndi slík niðurgreiðsla á höfuðstól aðeins lækka vaxtabyrði um 1.250-2.083 kr. á mánuði. Ef valið er að nýta þessar fjárhæðir til að lækka afborganir myndi það nægja til vaxtagreiðslu eins mánaðar af 18-30 milljón króna láni. Fyrir heimili sem sligast nú undan stökkbreyttri greiðslubyrði svo nemur mörgum tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda í hverjum einsta mánuði eru þetta smámunir.

Samtökin gagnrýna sérstaklega að skylt verði að ráðstafa greiðslunni beint inn á höfuðstól lána eða til lækkunar á afborgunum sé það valið sérstaklega, enda fylgir því aukið flækjustig og kostnaður. Það kæmi þeim heimilum sem aðgerðin beinist að mun betur ef þau fengju vaxtastuðninginn einfaldlega greiddan beint inn í bankareikninga sína og þau gætu þá ákveðið sjálf hvort þau nýti hann til að greiða inn á höfuðstól lána, til greiðslu afborgana eða til annarra nauðþurfta.


Vandi heimilanna núna snýr að íþyngjandi greiðslubyrði og skorti á ráðstöfunarfé. Lækkun höfuðstóls um 150.000-250.000 kr. skiptir litlu máli í því vaxtaokri sem þau standa nú frammi fyrir. Ef ætlunin er að styðja heimilin ættu þau að sjálfsögðu að fá þetta fé til ráðstöfunar sjálf. Lánveitendur þurfa ekki á beinum greiðslum úr ríkissjóði að halda ofan á það sem þeir fá frá heimilunum.

Er því lagt til að hinn umræddi vaxtastuðningur verði greiddur út beint til þeirra sem muni eiga rétt á honum eins og aðrar vaxtabætur, á sama hátt og sérstök vaxtaniðurgreiðsla á árunum 2011 og 2012. Það er algjör óþarfi að ríkið hafi milligöngu um greiðslur inn á húsnæðislán heimila.

Verði þrátt fyrir framangreindar athugasemdir haldið fast við þá útfærslu sem er lögð til í frumvarpinu að ráðstafa vaxtastuðningnum beint inn á höfuðstól lána er það lágmarkskrafa að sú greiðsla verði undanþegin uppgreiðslugjaldi í þeim tilvikum sem lán eru með slíkum skilmálum. Lántakandi á ekki að þurfa að bera slíkan kostnað ef hann hefur ekki valfrelsi um ráðstöfunina.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is